

Mál nr. 303/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum malar- eða steinkasts.****Gögn.**

Málskot, móttækið 19.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.10.2017.

Málsatvik.

Hinn 5. ágúst 2017 gaf ökumaður bifreiðarinnar A skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi vegna tjónsatviks sem hann kvað hafa gerst á Borgarfjarðarbraut síðdegis 28. júlí 2017. Kvaðst hann hafa verið á leið í Húsafell í Borgarfirði og fljótlega eftir að hann var búinn að beygja inn á Borgarfjarðarbraut hafi hann komið að vegaframkvæmdum þar sem nýtt slitlag hafði verið lagt á veginn og hámarkshraði verið dreginn niður í 50 km á klst. Er hann ók eftir veginum á þessu nýja slitlagi hafi bifreið komið á móti á mikilli ferð og spýtt grjóti yfir A og við það hafi framrúða A brotnað og framendi rispast talsvert. Hann hafi fengið í hendurnar myndbandsupptöku úr annarri bifreið sem hafi verið ekið fyrir aftan A þar sem hann hafi séð hvar bifreiðin B hafi mætt honum á miklum hraða eins og fyrr segir.

Lögregla hafði símasamband við M, eiganda B. Umræddan dag kvaðst M hafa ekið um Borgarfjarðarbraut á leið frá Reykholti til Reykjavíkur. Hún mundi þó ekki eftir að vegaframkvæmdir hafi verið á leiðinni eða ökuhraði verið lækkaður í 50 km á klst. Hún vildi þó ekki fullyrða það þar sem hún mundi það ekki alveg.

Fyrirgreind myndbandsupptaka var skoðuð af lögregluþjóni þeim sem ritaði skýrslu um atvikið. Samkvæmt lýsingu hans á upptökunni, sem fram kemur í lögregluskýrslunni, má sjá fyrirgreindar bifreiðir, A og B, mætast. Þar sjáist greinilega að lausamöl hafi verið á veginum „sem vel gæti hafa kastast frá einni bifreið yfir á aðra.“ Einnig sjáist hvernig grjót spýttist af annarri bifreið sem hafi komið á eftir B á bifreiðina úr hverri myndbandið var tekið upp. Myndbandsupptakan er sögð vera vistuð á lögreglustöðinni á Akranesi.

Af málskoti má ráða að M fallist ekki á að hún beri fébótaábyrgð á tjóni því sem varð á A og það fáist bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Samkvæmt gögnum málsins verður ráðið að V geri ekki athugasemdir við málskotið.

Álit.

M, ökumaður og eigandi B, mótmælir því að tjón á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu B. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu af fyrirgreindri myndbandsupptöku má ráða að A og B hafi mæst á Borgarfjarðarbraut og þar hafi laust grjót verið á veginum sem gæti skotist undan bifreið og á aðra. Af lýsingunni að dæma verður ekki ráðið að á upptökunni hafi mátt sjá steina eða mól spýttast undan B og yfir A. Á hinn bóginn hafi mátt sjá grjót spýttast frá annarri bifreið sem kom á eftir B og á bifreið sem var ekið á eftir A. Öðrum sönnunargögnum er ekki til að dreifa í málinu um það að grjót hafi skotist undan hjólum B og valdið tjóni á A. Gegn mótmælum M verður að telja ósannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hún, sem eigandi B, beri ábyrgð á tjóni því sem varð á A.

Niðurstaða.

M ber ekki bótaábyrgð á tjóni á A sem bættist því ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.